

Alþingi
Erindi nr. P 141/1769
komudagur 26.2.2013

Til: Atvinnuveganefndar.

Frá: Atvinnuvegaráðuneyti; skrifstofu sjálfbærrar nýtingar.

Efni: Svör við beinum athugasemdum SA, LÍÚ og SF við einstakar greinar frumv. til heildarl. um stjórn fiskveiða í sameiginlegri umsögn dags. 25. febrúar sl.

2. gr.

Réttmæt ábending: Æskilegt er að í stað orðsins „ráðherra“ í þessari grein komi: sá ráðherra sem fer með sjávarútvegsmál.

3. gr.

Í lið 2.3. í athugasemdum er gerð grein fyrir ástæðu þess að efni úthafsveiðilaga er fellt inn í lög um stjórn fiskveiða, sbr. einnig skýringar við 3. gr. frumvarpsins.

4. gr.

Í orðskýringum er gætt samræmis við lög um veiðigjöld og reyndar vísa veiðigjaldalögin um helstu hugtök til laga um stjórn fiskveiða. Hvað varðar skilgreiningu á aflamarki þá tekur hún mið af því að með bráðabirgðaákvæði við frumvarpið er mælt fyrir um varanlega skerðingu aflahlutdeilda (og ráðstöfun til flokks 2). Því er óþarfi að fastsetja skerðinguna sem tiltekið hlutfall eins og í gildandi lögum (að teknu tilliti til frádráttarhlutfalls sem ákveðið er í bráðabirgðaákvæði X). Þá er engin þörf á því að skilgreina krókaafلامark með öðrum hætti en aflamark, en um krókaafلامark fer skv. skýrum ákvæðum 16. gr. frumvarpsins.

5. gr.

Það getur verið rétt að fella út skilyrði um haffæri við útgáfu almenns veiðileyfis. Að sinni var þó ekki ákveðið að gera það, m.a. vegna ábendinga frá Fiskistofu. Raunar er full ástæða til að velja því upp hvort yfirleitt sé ástæða til leyfisbindingar með almennu veiðileyfi, og hvort einfalda mætti enn frekar ferli leyfisveitingar hjá Fiskistofu. Ráðuneytið er reiðubúið að skoða þetta sérstaklega með hagsmunaaðilum og stofnunum – þegar tími gefst til.

6. gr.

Orðalagið er fornt en lýsandi, og hér tekið að láni úr 2. Kap Rekabálks Jónsbókar – sem enn hefur ekki verið felldur úr lagasafninu.

7. gr.

Um setningu langtímanýtingarstefnu og verkaskiptingu milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands vísast til nýrra laga um breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og þeirra sjónarmiða sem lágu þeim lögum til grundvallar.

/Ekki hefur gefist tími, að svo stöddu, til að bregðast athugasemdum við aðrar greinar.

Til: Atvinnuveganefndar.

Frá: Atvinnuvegaráðuneyti; skrifstofu sjálfbærrar nýtingar.

Efni: Svör við athugasemdum Fiskistofu við einstakar greinar frumv. til heildarl. um stjórn fiskveiða í umsögn dags. 22. febrúar sl.

5. gr.

Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að viðhalda óbreyttu leyfakerfi að mestu, en leggja ekki til að leyfi til frístundaveiða og strandveiða teljist sem sérstök/hliðsett gerð almenns veiðileyfis. Ekki er lagt til að brugðist verði við þessari ábendingu.

8. gr.

Réttmæt ábending. Gleggja er að tala um aflamagn en aflamark hér.

12. gr.

Rétt greining á áhrifum greinarinnar. Engar athugasemdir, en vísað til umræðu á fundi í atvinnuveganefnd 21. febrúar sl.

15. gr.

Ráðuneytið telur ljóst að átt er við 12,5% af aflamarki samkvæmt úthlutun við upphaf fiskveiðiárs. Ekki er tekið undir gagnrýni á greinina. Eðlilegt er að undanþágan í 2. tl. 2. mgr. 15. gr. eigi aðeins við um þá efnisgrein, en ekki 1. tl.

16. gr.

Réttmæt ábending. Ekki er kveðið á um heimild til að veita undanþágu til veiða krókaaflamarksbáta til hrognkelsaveiða í net í frumvarpinu, sbr. hins vegar 7. gr. gildandi laga *in fine*. Hins vegar má athuga að veiðar á hrognkelsi hafa ekki verið hlutdeildarsettar og eðlilegt er að lesa greinina í því ljósi. Allt að einu telur ráðuneytið að eðlilegt geti verið að mæla fyrir um heimild til að veita undanþágu til veiða á hrognkelsi í net, með sama hætti og í gildandi lögum, ekki síst ef til þess kemur að tegundin verði hlutdeildarsett.

VI. kafli. Flokkur 2.

Það er réttmæt ábending að aflahlutdeild samkvæmt nýliðunarleyfi mundi falla undir takmarkandi ákvæði 3. mgr. 12. gr., sem gerir að verkum að ekki mun reyna, að óbreyttu, á 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Hvað snertir „takmörkun á framsali aflamarks, sem aðili hefur fengið í gegnum kvótapiing [eða með] úthlutun byggðakvóta“, þá er gert ráð fyrir að framsalstakmörkun 2. tl. 2. mgr. 15. gr. gildi um ráðstöfun á því (þ.e. að framselt aflamarks nemi eigi meira en þriðjungur þess aflamarks sem skip hefur nýtt til veiða). Órökstutt er að framkvæmd þeirrar reglu valda miklum erfiðleikum í framkvæmd.

20. gr.

Það getur verið heppilegra, til að slá af allan vafa, að taka fram í 2. mgr. 20. gr. að óheimilt sé að nýta aflamark „til veiða“, eins og Fiskistofa leggur til. Tekið er þó fram að ráðuneytið telur að ekki hefði verið hægt að túlka ákvæðið, eins og það stendur, þannig að með því væri girt fyrir framsal aflamarks.

Um stöðvun strandveiða mun fara samkvæmt reglugerð, þar sem hægt yrði að taka inn í myndina hvernig aflaskipting er, eins og Fiskistofa lýsir.

Ráðuneytið gerir sér grein fyrir að mjög erfitt er að fylgjast með eignarhaldsskilyrðum 20. gr., en mögulega mætti hafa eftirlit með þessu við útgáfu leyfa (með áskilnaði um framlagningu gagna) og úrtakseftirliti.

24. gr.

Réttmætar ábendingar, sbr. einnig ábendingar á fundi með atvinnuveganefnd 21. febrúar sl.

26. gr.

Í ljósi þessarar ábendingar kann að vera ástæða til að fella út sérákvæði um flutning heimilda í úthafs-rækju. Það er þó ekki lagt til, enda kann úthafs-rækja að verða aflahlutdeildarsett að nýju.

27. gr.

Það kann að vera heppilegra að tala hér um stofna sem veiðast „eingöngu“ utan fiskveiðilögsögunnar. Þá kann einnig að vera mögulegt að veita frístundabátum heimild til að landa VS-afla, en efast má um að VS-afla heimildin hafi þó verið hugsuð í sambandi við slíkar veiðar.

31. gr.

Réttmæt ábending. Eðlilegt er að skotið verði inn rýmkun á undanþágunni þannig að ljóst sé að einnig falli undir hana stofnar sem veiðast „eingöngu utan fiskveiðilögsögunnar.“

Til: Atvinnuveganefndar.

Frá: Atvinnuvegaráðuneyti; skrifstofu sjálfbærrar nýtingar.

Efni: Svör við athugasemd Landsbankans við 12. gr. frumv. til heildarl. um stjórn fiskveiða í umsögn dags. 22. febrúar sl.

Um 2. mgr: Landsbankinn telur að heimild til að setja nánari skilyrði fyrir framsali aflahlutdeilda í reglugerð, m.a. um málsmeðferðarfresti, feli í sér heimild til að setja „eðlisólík og verulega íþyngjandi skilyrði til viðbótar þeim sem talin eru í 12. gr.“ Þetta er byggt á misskilningi enda mundi ráðherra með slíkum skilyrðum fara út fyrir heimild sína. Hér er fyrst og fremst höfð í huga heimild til að takmarka flutninga við lok fiskveiðiárs, til að tryggja eðlilegan aðdraganda að fiskveiðiáramótum.

Um aðför til fullnustu veðkröfu í fiskiskipi: Það er réttur skilningur, eins og frumvarpið nú stendur, að verði fjármálastofnun eigandi að fiskiskipi vegna nauðungarsölu, þá verður stofnunin að sækja um nýtingarleyfi ætli hún sér að gera skipið út. Þá er einnig rétt að komi til sölu aflahlutdeilda frá skipinu, við þær aðstæður, getur 3. mgr. 12. gr. hamlað viðskiptum.

Um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa í eigu sama nýtingarleyfishafa: Þessi flutningur fellur undir 12. gr., eins og ráða má berum orðum af greininni.